

Nd.

86. Frumvarp til laga

[86. mál]

um breytingu á lögum nr. 97/1985, um stjórn fiskveiða 1986–1987.

Flm.: Karvel Pálmason, Ólafur P. Þórðarson, Jón Baldvin Hannibalsson,
Hjörleifur Guttormsson.

1. gr.

Á eftir fyrri mgr. 1. gr. laganna kemur ný mgr. svo hljóðandi:
Ákvæði 1. mgr. taka ekki til veiða með línu og handfærum.

2. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný mgr. svo hljóðandi:

Við úthlutun á aflamarki og sóknarmarki til einstakra skipa ber ráðherra að taka sérstakt tillit til þess ef skip er gert út í byggðarlagi þar sem a.m.k. 35% vinnuafls starfar við fiskveiðar og fiskvinnslu og skal aflamark og sóknarmark þeirra skipa, verði eftir því leitað, aukið um a.m.k. 25% frá því sem það hefði ella orðið eftir almennri úthlutunarreglu.

3. gr.

Fyrri tölul. 1. mgr. 9. gr. laganna falli brott.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1987.

Greinargerð.

Engum, sem til þekkir, þarf að koma á óvart hve þungum búsigjum kvótinn svokallaði hefur valdið í velflestum sjávarplássum þar sem flestir íbúar byggja afkomu sína á fiskveiðum og fiskvinnslu. Ótal dæmi eru þess að bátar geta einvörðungu stundað veiðar 3–4 mánuði úr árinu.

Þetta frumvarp er flutt með það í huga að lina á þeirri miðstýringu sem ríkir við stjórn fiskveiða. Breyting í átt til þess, sem hér er lagt til, hefði í för með sér að þau sjávarpláss, sem nær einvörðungu byggja afkomu sína á fiskveiðum og fiskvinnslu, nytu einhvers forgangs við kvótaskiptingu umfram aðra og að veiðar með línu og handfærum yrðu utan kvótaskiptingar sem stjórnað er frá skrifborði úr Reykjavík.

Efnislega líkar tillögur voru fluttar af flutningsmönnum þessa frumvarps og fleirum við meðferð kvótamálsins á Alþingi haustið 1984. Þessar tillögur voru þá felldar. Vonandi hefur síðan fjarað undan þeim kvótamönnum, enda ljóst að helfjötrar kvótastefnunnar hafa lamað atvinnulíf víða á landsbyggðinni og heft sjálfsbjargarviðleitni manna.

Frumvarp þetta er flutt í von um að augu fleiri þingdeildarmanna hafi opnast og að þeir sjái nú betur hvílíkur vágstur kvótinn er í íslensku atvinnulífi.